



URRÍÐAHOLTSSKÓLI

Kennsluáætlun 2024-2025

2. bekkur – Textíl

Kennari: Ásta Kristín Ingólfssdóttir

	Lýsing
Námsgöng	Efni frá kennara, <i>Karfa textílkennarans</i> , verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk eftir Þórunni Eiríksdóttur og <i>Ullarþóf</i> eftir Júlíönu Þorvaldsdóttur og Þórunni Eiríksdóttur.
Kennsluaðferðir	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingsvinna og verklegar æfingar
Hæfniviðmið	<ul style="list-style-type: none">• Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.• Unnið úr nokkrum gerðum textíl efna.• Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.• Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.• Skreytt textíl vinnu á einfaldan hátt.• Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.• Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu.• Sagt frá nokkrum tegundum textíl efna.
Námsmat	5 tákn; framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

Tímabil	Náms og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
Unnið í lotum Verkefni 1	Formkallar: Kynning á áhöldum og efnum. - Nemendur velja form og lit á filtefni og teikna formkallinn sinn. - Nemendur velja sér litlar perlor og sauma í filtefnið sem munn. - Nemendur læra að sauma tunguspor og sauma saman formkallinn sinn með tunguspori en skilja eftir op fyrir tróðið. - Fylla formkallinn með tróði og sauma saman gatið með tunguspori. - Festa augu með límbyssu. - Klippa garn fyrir hendur og fætur. 30 cm fyrir fætur og 25 cm fyrir hendur. - Klippa efnisafganga úr filti í búta og velja perlor. Raða einum efnisbút og perlu til skiptis á garnlengjurnar. - Velja staðsetningu fyrir hendur og fætur á formkallinum og kennarinn aðstoðar við að festa í efnið.	<ul style="list-style-type: none">• Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.• Unnið úr nokkrum gerðum textíl efna.• Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.• Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.• Skreytt textíl vinnu á einfaldan hátt.• Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu.• Sagt frá nokkrum tegundum textíl efna.	Leiðsagnarmat

	Auka verkefni: Perla frjálst til þess að æfa fínhyringar.		
Verkefni 2	<p>Þæft blóm: Samvinnuverkefni í textíl og smíði.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Kynning á ullarkembu og hvernig hægt er að vinna með ullina. Umræða hvernig ullin breytist við þæfingu. - Nemendur velja liti og læra að leggja ullina á blað svo úr verði blóm. - Þæfum ullina í poka. - Nemendur velja sér tölur og líma á blómin þegar þau eru orðin þurr. - Þegar stilkur fyrir blómið er tilbúinn (nemendur búa stilk til í smíði) aðstoða kennarar við að festa þæfða blómið á stilkinn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Skreytt textíl vinnu á einfaldan hátt. • Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. • Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu. 	Leiðsagnarmat
Eftir áramót: Verkefni 3	<p>Bók í textílmenn: Harmónikkubók með verkefni í textíl.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Verkefni 1: Klippa stafinn sinn í filtefni. Læra að taka upp snið og klippa eftir línu í efninu. Líma filtstafinn á forsíðu bókarinnar. - Verkefni 2: Útsaumur í java. Nemendur sauma frjáls útsaumsspor í java og líma inn í bókina. - Verkefni 3: Íslensk ull. Hvaðan kemur ullin? Hvað notum við ullina í? Nemendur fræðast um íslensku ullina og klippa út íslenska kind, lita og líma inn í bókina. - Verkefni 4: Þæfa ull í poka. Nemendur velja liti á ullarkembu og læra leggja ullina svo hún þæfist rétt. Ullin er þæfð í poka og úr verður lítið þæft stykki sem er síðan límt inn í bókina. - Verkefni 5: Nemendur æfa sig í að búa til mynstur sem hægt væri að færa yfir í java og sauma út. Mynstrið er teiknuð á rúðustrikað blað, klippt út og límt í bókina. 	<ul style="list-style-type: none"> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið úr nokkrum gerðum textíl efna. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Skreytt textíl vinnu á einfaldan hátt. • Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. • Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu. • Sagt frá nokkrum tegundum textíl efna. 	Leiðsagnarmat
Verkefni 4	<p>Vinabönd: Nemendur velja sér bómullargarn og læra að flétta kringlótt vinabönd með kumihimo aðferð.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu. 	Leiðsagnarmat